

koma einkum ef INR gildið er hærra en 5,0. Ef merki eru um óeðlilegar blæðingar hafið þá strax samband við lækni. Eftir eðli blæðinga er þá ýmist dregið úr blóðþynningunni, gefið sérstakt mótefni (K-vítamín) eða storkupættir. Aðrar aukaverkanir (t.d. útbrot, hárlas) eru mjög sjaldgæfar.

### **Athugið !**

Árangursrík meðferð byggist á því að taka inn nákvæmlega réttan skammt daglega. Dagsskammt á að taka inn í einu lagi og alltaf á sama tíma, helst seinni part dags. Þannig er heilsu þinni best borgið. Fylgstu með meðferðinni og skráðu hjá þér skammtinn, INR gildið og dagsetningu næstu mælingar.

Nauðsynlegt er að láta lækna og tannlækna vita um Kóvar meðferðina ef aðgerð er fyrirhuguð.

Láttu lækni vita ef eitthvað óvenjulegt gerist, t.d.:

- Blóðþynningu er hætt tímabundið vegna aðgerðar eða ef til stendur að gera á þér aðgerð (einnig litlar aðgerðir s.s. tanndráttur).
- Breyting á töku annarra lyfja þar sem mörg lyf geta haft áhrif á blóðþynninguna.
- Aukin blæðingartilhneiging, s.s. marblettir, nefblæðingar eða blæðingar með þvagi eða hægðum.
- Ferðalög til lengri tíma.
- Ef gleymist að taka Kóvar í meira en tvo daga.

Endursk. af SV/nón. 2012.  
Heimildir: Bæklingar frá SHA og LSH  
HVE/rmbæk18

**HVE Akranesi**  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

## **KÓVAR MEÐFERÐ**

### **UPPLÝSINGAR FYRIR SJÚKLINGA**



Heilbrigðisstofnun Vesturlands  
Akranesi  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

## Hvað er blóðþynning ?

Í blóðinu eru storkupættir sem gera það að verkum að blóð storknar ef skemmdir verða í æðaveggjum. Virkni nokkurra storkupátta er háð K-vítamíni og er hægt að gefa lyf sem breytir þessum þáttum þannig að blóðið storknar síður í blóðrásinni. Þetta dregur úr hættunni á blóðsega (blóðtappa). Lyfið sem notað er heitir Kóvar (warfarín). Blóðþynnandi áhrifum lyfsins er fylgt eftir með blóðmælingum. Blóðþynningin er gefin upp sem INR-gildi (International Normalized Ratio), sem er alþjóðleg viðmiðun. Því hærra sem INR gildið er, þeim mun meiri er blóðþynningin.

## Helstu ástæður blóðþynningar

- Meðferð á bláæðasegum og/eða segareki til lungna.
- Hjartsláttartruflanir, s.s. gáttatíf.
- Kransæðastífla með vöðvadrepri í framvegg hjartans.
- Gervihjartalokur.
- Slaglæðaprengsli.

## Eftirlit og skömmtnun

Þeir sem eru í blóðþynningarmeðferð þurfa að koma í reglulegar mælingar. Í byrjun meðferðar þarf að mæta oft í mælingar þar sem skammtar eru ákveðnir með hliðsjón af þeim.

Þegar INR-gildið er orðið stöðugt er skammtað til lengri tíma. Sé INR gildið hins vegar áfram óstöðugt er öruggara að mæla og skammta oft.

Æskilegt er að koma í mælingu milli kl. 08-11 ef skammta á sama dag. Hægt er að fara í blóðmælingu alla virka daga. Ekki þarf að vera fastandi fyrir sýnatöku. Lyfið er skammtað eftir INR mælingunni. Lífeindafræðingur HVE hringir í sjúkling þegar svar er tilbúið og lætur vita um skömmtnun og hvenær þörf er á næstu mælingu.

Yfirumsjón með Kóvar skömmtnun á HVE er í höndum Hafdísar Bjarnadóttur lífeindafræðings og er hægt að hafa beint samband við hana á dagvinnutíma í s. 432 1260 eða með tölvupósti á [hafdis.bjarnadottir@hve.is](mailto:hafdis.bjarnadottir@hve.is)

## Milliverkanir lyfja og fæðis við töku Kóvar

Lyf sem auka verkun Kóvars:

- Ýmis verkja- og bólgueyðandi lyf (t.d. Magnýl, Kódimagnýl, Asetylsalísýlsýra) og sýklalyf.

Lyf sem minnka verkun Kóvars:

- K-vítamín, sum krampalyf, berklalyf ofl.

Fjölmörg önnur lyf geta haft áhrif á verkun Kóvars, þar með talin ýmis náttúrulyf. Þú skalt ráðfæra þig við lækni þinn ef þú ert að taka inn einhver önnur lyf, sérstaklega ef um er að ræða lyf sem talin voru upp hér á undan. Mikið er af K-vítamíni í lifur og sumu grænmeti (t.d. spínati, spergilkáli, blómkáli) sem getur haft áhrif á blóðþynninguna, sérstaklega ef skyndilega er gjörbreytt um mataræði. Einnig eykur mjög fituríkt mataræði upptöku frá K-vítamíni frá görn og minnkar þar með virkni Kóvars. Einstaklingar sem nærast illa geta þróað með sér K-vítamínskort og getur þá verið ástæða til að draga úr blóðþynningunni um tíma eða mæta aukalega í mælingu. Þetta kemur allt fram í eftirliti og mælingum og þá er breyting á skömmtnun ákveðin ef þess er þörf. Gæta þarf hófs við neyslu áfengis meðan á blóðþynningarmeðferðinni stendur. Mikilvægt er að hafa samband við lækni ef upp koma sjúkdómar eða vandamál eins og t.d. hár blóðþrýstingur, lifrar- og nýrnasjúkdómar, blóð- og blæðingasjúkdómar, sár í skeifugörn eða maga, ofneysla alkóhóls, nýlegar blæðingar ofl.

## Meðganga og brjóstagjöf

Lyfið má ekki nota á meðgöngutíma þar sem það getur valdið fósturskemmdum snemma á meðgöngu. Kóvar skilst ekki út í móðurmjólk. Hafðu samband við lækni sé meðganga fyrirhuguð. Nauðsynlegt er að nota viðurkenndar getnaðarvarnir meðan á töku Kóvars stendur.

## Algengusti fylgikvillar

Lyfið þolist yfirleitt vel. Algengustu fylgikvillar Kóvars eru blæðingar af ýmsum toga. Þær